

Garðabær
b/t Eysteins Haraldssonar, bæjarverkfræðings
Skrifstofa Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

19.06.2018
2015-07-79/11.2

Efni: Afturköllun Landsnets hf. á framkvæmdaleyfi vegna Lyklafellslínu 1.

Landsnet hf., kt. 580804-2410, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík, sem leyfishafi, óskar með bréfi þessu eftir að útgefið framkvæmdaleyfi Garðabæjar fyrir Lyklafellslínu 1 (áður Sandskeiðslínu 1), 220/400 kV háspennulínu, útgefið 18. desember 2017, verði fellt niður.

Með ákvörðun sinni í máli nr. 84/2017, hinn 26. mars 2018, felldi úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála úr gildi ákvörðun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 21. júní 2017, um að samþykkja veitingu framkvæmdaleyfis vegna Lyklafellslínu 1.

Landsnet telur fyrirséð að framkvæmdir við Lyklafellslínu 1 muni hefjast um lengri tíma en þá 12 mánuði sem kveðið er á um að framkvæmdir skuli hefjast innan samkvæmt útgefnum framkvæmdaleyfum, sbr. 2. mgr. 15. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010. Er því rétt að afturkalla framkvæmdaleyfið og senda inn umsókn um leyfi að nýju þegar unnt verður að hefja framkvæmdir.

Ef óskað er frekari upplýsinga þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan í s. 563-9359 eða thorarinn@landsnet.is.

Virðingarfyllst,



Þórarinn Bjarnason,
verkefnisstjóri.